



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA 2008



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA 2008

Ársskýrsla 2008
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Hafnarhúsinu
Tryggvagötu
150 Reykjavík
2009/9
Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Allt er til endurskoðunar

Sveitarstjórnarmál hafa frá 1. október fengið sinn formlega sess í samgönguráðuneytinu með því að nafni þess hefur verið breytt í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Breytingin sem lögfest var á Alþingi í sumar er lokahnykkurinn í flutningi sveitarstjórnarmálefna milli ráðuneyta.

Ekki þarf að fjölyrða hér um stöðuna í efnahagsmálum þjóðarinnar og erfiða stöðu ríkissjóðs sem og sveitarfélaga. Þegar þannig árar þurfa allir aðilar að endurskoða og endurmeta alla hluti. Það verður allt til endurskoðunar: Hvar má spara, hverju má fresta, hverju er nauðsynlegt að halda áfram, hver verður forgangs röðin?

Sveitarstjórnarmálin hafa mikið vægi í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna. Áfram verður unnið að eflingu sveitarfélaga með flutningi málefna fatlaðra og aldraðra frá ríki til sveitarfélaga árin 2011 og 2012. Í framhaldinu verða verkefni á sveitarfélaganna. Þá kemur fram að binda eigi í lög samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga og að settar verði fram tillögur um að efla lýðræði á sveitarstjórnarstigi og að það verði gert í samvinnu og samráði við sveitarfélögin.

Þá er ótalið það verkefni sem kannski skiptir sveitarfélögin einna mestu máli en það er endurskoðun á öllu tekjustofnakerfi þeirra. Að því vinnur nefnd sem ég skipaði og er undir forystu Gunnars Svavarssonar. Tekið er fram í erindisbréfi nefndarinnar að hún eigi að styrkja tekjustofna sveitarfélaga. Ég bind að sjálfsögðu miklar vonir við að nefndin skili traustum tillögum sem koma sveitarfélögunum að gagni og sem ríkisvaldið getur unnið við. Við verðum þó að stilla væntingum okkar í hóf, ljóst er að efnahagsástand þjóðarinnar takmarkar það svigrúm sem annars væri til staðar.

Þá er nefnd að endurskoða allt regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Formaður nefndarinnar, Flosi Eiríksson, hefur í haust kynnt vinnu nefndarmanna á nokkrum aðalfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga og hafa þar orðið ágætis umræður og nefndin fengið veganesti á lokaspretti verkefnisins. Báðar eiga þessar nefndir að skila tillögum sínum í vetur.

Stækkun sveitarfélaganna er einnig mikilvæg leið til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa skrifað undir yfirlýsingu um að skoða sameiginlega leiðir sem stuðlað geta að fækkun og stækkun sveitarfélaga. Skipuð verður nefnd til að meta sameiningarkosti í hverjum landshluta sem verða lagðir fyrir landsþing Sambandsins. Tillögur sem byggjast á þeim kostum mun ég síðan leggja fyrir Alþingi. Með því viljum við ná samstöðu um nýja sveitarstjórnarskipan eigi síðar en árið 2014. Þannig náum við fram því átaki sem þarf til að styrkja byggðir og fjárhag sveitarfélaga.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að jafnvægi í rekstri ríkissjóðs skuli náð á tiltölulega stuttum tíma. Sá tími verður öllum erfiður. Þrátt fyrir þessa stöðu verður grunnþjónusta á sviði félagsmála og heilbrigðismála varin. Hlutverk sveitarfélaganna er mikilvægt í því sambandi og því þarf að búa svo um hnúta að þau geti sinnt verkefnum sínum. Sem ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála mun ég leggja lóð mitt á þá vogarskál og ég vænti áfram góðrar samvinnu og samstöðu um sveitarstjórnarmálin.

*Kristján L. Möller
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Samgönguráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er fimm manna ráðgjafarnefnd.

Ráðgjafarnefnd

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar ráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Í ársbyrjun 2008 tók Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð, við formennsku í nefndinni af Herdísí Á. Sæmundardóttur, varaþingmanni, en Herdís hafði gegnt störfum formanns frá árinu 2005.

Auk Guðmundar eiga nú sæti í nefndinni: Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ, Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ, Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri í Akureyrarkaupstað og Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er að gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum önnur en svokölluð bundin framlög.

Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en sjaldnar að sumri til. Á árinu 2008 hélt nefndin 10 bókaða fundi.

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Árlegur fundur ráðgjafarnefndar með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskóla-fulltrúum sveitarfélaga var haldinn 12. desember. Aðalefni fundarins var umfjöllun um eflingu grunnskóla á landsbyggðinni með dreifmenntun. Edda Kjartansdóttir, verkefnisstjóri, gerði grein fyrir verkefninu. Einnig gerði Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu, grein fyrir verkefni er tengist þjálfun sérfræðinga sem koma að mál-efnum innflytjenda, flóttamanna og annarra sem læra íslensku sem annað tungumál. Fundurinn var vel sóttur.

Aðsetur

Í tengslum við flutning málefna sveitarfélaganna frá félagsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins 1. janúar 2008 hefur starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nú verið flutt í húsnæði samgönguráðuneytisins á III. hæð í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Fyrsti ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn 17. október 2008 í Reykjavík. Markmiðið með fundinum var að gefa þeim aðilum er vinna að sveitarstjórnarmálum tækifæri til að kynna sér betur helstu þætti í starfsemi sjóðsins og ræða viðfangsefni hans.

Í ávarpi sínu á fundinum fjallaði Kristján L. Möller, samgönguráðherra, um þá miklu óvissu sem ríkti í efnahagsmálum þjóðarinnar og þar með í fjármálum sveitarfélaga. Í ljósi þessa hefði hann ákveðið að bíða með allar ákvarðanir um breytingar á reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. tillögur nefndar þeirrar sem félagsmálaráðherra skipaði síðla árs 2005 til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, er fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Auk ávarps samgönguráðherra og kynningar á ársskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2007 gerði Sigurður Tómas Björgvinsson, stjórnslufræðingur grein fyrir úttekt sinni á nýafstöðnu átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Fundurinn var mjög vel sóttur.

Starfshópur um heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem kunna að verða á starfsemi sveitarfélaganna á næstu misserum skipaði Kristján L. Möller, samgönguráðherra, starfshóp um ársbyrjun 2009 um heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Formaður starfshópsins er Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi í Kópavogi. Auk hans skipa starfshópin þau Björg Ágústsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri í Grundarfjarðarbæ, og Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð. Með hópnum starfa sérfræðingar frá samgönguráðuneytinu, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk óháðs sérfræðings sem starfshópurinn kallar til. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum sínum í vetur.

Starfshópnum er ætlað að meta gæði núverandi jöfnunarkerfis og setja fram hugmyndir um mögulega heildarendurskoðun sjóðsins þannig að tryggt verði að hann þjóni sem best markmiðum sínum. Þá þarf starfshópurinn að taka mið af tillögum sem kunna að koma fram á næstu misserum í tengslum við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lögum um tekjustofna sveitarfélaga eða öðrum þáttum í starfsemi sveitarfélaga, svo sem sameiningum.

Á ársþingum landshlutasamtaka nú í haust hefur farið fram kynning á hugmyndum starfshópsins að breytingum á starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Hér er ekki um beinar tillögur að ræða heldur hugmyndir sem starfshópurinn er að vinna með. Markmiðið með kynningunni er að fá viðbrögð sveitarstjórnarmanna við hugmyndum starfshópsins.

Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins

Á árunum 2005 – 2010 greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög til sveitarfélaga er sameinuðust á árinu 2006 á grundvelli átaks til eflingar sveitarstjórnarstigsins, sbr. viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. september 2004.

Úthlutun framlaga fer fram á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Áætlað er að heildarfjárþörf vegna átaksins á grundvelli framangreindra reglna muni nema um 2.300 – 2.400 m.kr. Á árinu 2008 námu greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna átaksins samtals rúmlega 605 m.kr. Í árslokinn höfðu samtals 1.618 m.kr. komið til greiðslu vegna verkefnisins. Þar af nema greiðslur úr ríkissjóði samtals 820 m.kr.

Húsaleigubætur

Á grundvelli tillagna nefndar á vegum félags- og tryggingamálaráðherra um úrræði í húsnæðismálum frá 11. janúar 2008 var undirritað samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur er tók gildi 1. apríl 2008.

Samkomulagið kveður á um hækkun grunnfjárhæða almennra húsaleigubóta og aðkomu ríkisins að greiðslu sérstakra húsaleigubóta. Árlegur kostnaður vegna þeirra breytinga sem samkomulagið hefur í för með sér var áætlaður 620 m.kr. vegna almennra húsaleigubóta og 100 m.kr. vegna sérstakra húsaleigubóta eða samtals 720 m.kr. Þar sem samkomulagið tók gildi 1. apríl 2008 nam áætlaður kostnaður vegna samkomulagsins um 540 m.kr. á árinu 2008. Kveðið er á um að ríkissjóður greiði 60% af heildarkostnaði vegna hækkunar á almennum húsaleigubótum og vegna sérstakra húsaleigubóta og sveitarfélögin 40%.

Fljótlega kom í ljós að ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á grundvelli samkomulagsins væri alls ekki nægjanlegt til að standa undir 60% hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði samfara samkomulaginu.

Áætlanir sveitarfélaga frá 1. nóvember 2007 um greiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2008 námu samtals 1.636 m.kr. en með tilkomu samkomulagsins voru raungreiðslur sveitarfélaganna samtals um 2.244 m.kr. á árinu. Hvað sérstöku húsaleigubæturnar varðar þá námu raungreiðslur sveitarfélaganna um 149 m.kr. á árinu.

Með tilvísun til þessa nam viðbótarfjárþörf Jöfnunarsjóðs samtals um 147 m.kr. á árinu 2008 svo hægt væri að standa við 60% hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði samfara samkomulaginu frá 1. apríl 2008.

Á grundvelli stöðugleikasáttmálans frá því í júní 2009 hefur ríkið nú gert upp skuld sína hvað varðar 60% kostnaðarhlutdeild í greiðslu almennra- og sérstakra húsaleigubóta á árinu 2008. Jafnframt hefur áætluð viðbótarfjárþörf Jöfnunarsjóðs á árinu 2009 vegna samkomulagsins um húsaleigubætur verið tekin til greina.

Aukaframlag

Að tillögu tekjustofnanefndar frá 17. mars 2005 og á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007 var greitt 1.400 m. kr. tímabundið aukaframlag úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga á árinu 2008.

Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gaf samgönguráðherra út reglur, nr. 526/2008, um ráðstöfun aukaframlagsins á árinu 2008. Framlaginu var ætlað að jafna aðstöðumun sveitarfélaga sem talin væru í mestri þörf fyrir sérstakt viðbótarframlag vegna þróunar í rekstrarumhverfi þeirra og erfiðra ytri aðstæðna.

Á grundvelli reglnanna var varið 400 m.kr. til sveitarfélaga vegna íbúafækkunar árin 2003 - 2007, 400 m. kr. vegna þróunar útsvarsstofns árin 2003 - 2007, 350 m.kr. vegna íbúaþróunar árin 2003 - 2007 og 175 m.kr. til sameinaðra sveitarfélaga vegna þróunar útsvarsstofns og íþyngjandi kostnaðar við að halda úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélags.

Einungis kom til úthlutunar framlags hafi heimild sveitarfélags til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2008 verið fullnýtt af sveitarstjórn. Alls hlutu 38 sveitarfélög aukaframlag á árinu 2008.

Á árinu 2009 er um að ræða 1.000 m.kr. aukaframlag úr Jöfnunarsjóði til frekari stuðnings við sveitarfélög.

Lengd viðvera

Þann 1. janúar 2007 tók gildi tímabundið samkomulag félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um jafna greiðsluskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5. - 10. bekk sem þurfa gæslu utan venjulegs skólatíma og falla undir tilteknar vinnu- og viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs.

Samkomulagið náði til áranna 2007 og 2008 og voru samtals 120 m.kr. lagðar til verkefnisins hvort ár. Ríkissjóður lagði 60 m.kr. í verkefnið á ári og sveitarfélögin 60 m. kr. Á grundvelli samkomulagsins annaðist Jöfnunarsjóður sveitarfélaga úthlutun og greiðslur framlaga til sveitarfélaga.

Á árinu 2008 buðu 28 sveitarfélög upp á lengda viðveru fyrir fötluð grunnskólabörn í 5. - 10. bekk. Miðað við 50% þátttöku ríkisins námu heildargreiðslur Jöfnunarsjóðs tæplega 62 m.kr.

Þar sem endurskoðun laga um málefni fatlaðra er ekki lokið hefur samkomulagið um lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna verið framlengt um ár, þ. e. út árið 2009, á grundvelli ákvæða samkomulagsins. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur nú forgöngu um úthlutun og greiðslur framlaga til sveitarfélaga.

Útgefið efni og vefur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á árinu 2008 komu út fjögur tölublöð af Fréttabréfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um húsaleigubætur. Fréttabréfið er gefið út rafrænt að loknum hverjum ársfjórðungi á vefsíðu sjóðsins og hefur að geyma samantekt um greiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum, greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fjölda bótaþega, meðaltalshúsaleigu og fleira.

Á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: <http://jofnunarsjodur.samgonguraduneyti.is> er auk þess að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga og fleira.

Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar fyrir liggja samþykktar tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir einstakra framlaga. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttum Jöfnunarsjóðs.

Ráðgjafarnefnd 2008

Aðalmenn

Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri, formaður
Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri í Akureyrarkaupstað
Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ
Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ
Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ

Varamenn

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, varaformaður
Ellý Erlingsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfjarðarkaupstað
Guðmundur R. Gíslason, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð
Jón Hjartarson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg
Sigríður Jóna Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ

Starfsmenn 2008


Elín Pálsdóttir, forstöðumaður
Elín Gunnarsdóttir, sérfræðingur
Halldór V. Kristjánsson, sérfræðingur
Síðastliðið vor var Sigurborg K. Stefánsdóttir, viðskiptafræðingur, ráðin í hálfu stöðu hjá sjóðnum.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003:

- Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert.
- Vaxtatekjur.

Á árinu 2008 var einnig um að ræða eftirfarandi viðbótarframlög frá ríki. Aukaframlag til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga vegna erfiðra ytri aðstæðna, framlag vegna aðkomu ríkisins að átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins og framlag á grundvelli samkomulags ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008.



Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 113/2003 með síðari breytingum. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli reglugerðar nr. 113/2003 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.

Bundin framlög, skv. 6. gr.

Bundin framlög greiðast til eftirtalinnna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

Bundin framlög 2007 - 2009 í m.kr.

	2007	2008	Áætlun 2009
Samband ísl. sveitarfélaga	230	239	227
Landshlutasamtök	133	137	131
Innheimtustofnun sveitarfélaga	600	783	1.030
Umsjónarnefnd eftirlauna	7	6	6
Húsafriðunarsjóður	46	47	48
	1.016	1.212	1.442

Sérstök framlög, skv. 7. gr.

Sérstök framlög greiðast til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Á grundvelli sérstakra framlaga eru veitt eftirfarandi framlög:

- Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003 með síðari breytingum. Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins er umtalsverðum fjármunum varið til sameiningarmála á árunum 2005 - 2010.
- Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga.
- Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000. Bændasamtök Íslands annast stjórnslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.
- Framlög til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum, sbr. reglugerð nr. 122/2003 með síðari breytingum. Heildargreiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2008 námu samtals um 2.244 m.kr. og 149 m.kr. á sérstökum húsaleigubótum. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs var 60%.
- Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu. Hér undir fellur framlag til rekstrar sérstakrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brüssel. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára, á árunum 2006 – 2009, á grundvelli sérstaks samkomulags þar að lútandi milli sambandsins og Jöfnunarsjóðs. Framlagið nemur samtals um 30 m.kr. miðað við verðlag í júlí 2007.


Sérstök framlög 2007 - 2009 í m.kr.

	2007	2008	Áætlun 2009
Framlög vegna sameininga sveitarfélaga	514	623	556
Framlög vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga	0	0	100
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum	14	17	25
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v. fasteignaskatts	2.518	2.489	2.248
Framlög vegna húsaleigubóta	941	1.257	1.916
Framlög til sérstakra verkefna	10	14	20
	3.997	4.400	4.865

Jöfnunarframlög skv. 8. gr.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 113/2003, sbr. eftirfarandi:

- Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra.
- Útgjaldajöfnunarframlögum er varið til að mæta mismunandi útgjaldapörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldapörf.




Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla, skv. 9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. c-lið 4. gr., að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutdeild í rekstrarkostnaði sjóðsins, er varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002.



Eftirfarandi framlög eru veitt á grundvelli reglugerðar nr. 351/2002:

- Almenn framlög: Til þeirra framlaga var varið 73,1% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2008 til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- Framlög vegna sérparfa fatlaðra nemenda: Um er að ræða sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustuparfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- Framlög vegna nýbúafræðslu: Um er að ræða viðbótarframlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna starfa kennsluráðgjafa.
- Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum: Framlag er greitt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu grunnskólans og samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- Framlag til Barnaverndarstofu: Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags og er framlagið síðan innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.
- Önnur framlög: Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna. Um er að ræða verkefni vegna kennslu langveikra barna utan af landi, dreifmenntarverkefni á sunnanverðum Vestfjörðum og aðkoma að átaki Greiningar- og ráðgjafarstöðvar til að stytta biðtíma eftir greiningum stofnunarinnar.



Heildarframlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga

Eins og sjá má á eftirfarandi línuriti varð veruleg hækkun á heildarframlögum úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga á árunum 2006 og 2007. Á árinu 2008 fór heldur að draga úr þeirri hækkun og á árinu 2009 er áætlað að heildarframlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga verði um 1.000 m.kr. lægri en á árinu 2008.



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ársreikningur 2008

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
kt. 480676-0179

Staðfesting ársreiknings

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að veita sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf ásamt því að greiða lögbundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga.

Á grundvelli reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 113/2003 með síðari breytingum er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til rekstrar grunnskóla.

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2008 var tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins 121 m.kr. Eignir alls námu 1.548 m.kr. í árslok. Skuldir alls voru 815 m.kr. og eigið fé 733 m.kr. í árslok.

Samgönguráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2008 með áritun sinni.

Reykjavík, 23. september 2009

Kristján L. Möller
samgönguráðherra.
(sign.)

Guðmundur Bjarnason
formaður ráðgjafarnefndar.
(sign.)

Áritun endurskoðenda

Til samgönguráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2008, efnahag 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 23. september 2009

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.
(sign.)

Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2008

Tekjur	Skýr.	2008	2007
Framlag ríkissjóðs.....	1	12.394.268	11.830.165
Framlag sveitarfélaga.....	2	6.270.440	5.927.796
Sérstakt framlag félags- og tryggingamálaráðuneytis.....	6	61.746	49.212
Tekjur alls		18.726.454	17.807.173
Framlög			
Bundin framlög.....	3	1.211.782	1.015.529
Sérstök framlög.....	4	4.398.699	3.997.178
Jöfnunarframlög.....	5	7.098.621	7.068.170
Jöfnunarframlög til grunnskóla.....	6	6.208.589	5.859.236
Framlög alls		18.917.691	17.940.113
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	7	6.762	4.077
Annar rekstrarkostnaður.....	8	53.037	44.795
Rekstrarkostnaður samtals		59.799	48.872
Eignakaup.....	9	355	272
Framlög og gjöld alls		18.977.845	17.989.257
Rekstrarhalli.....		(251.391)	(182.084)
Hreinar fjármagnstekjur.....	10	371.985	303.208
Tekjuafgangur ársins		120.594	121.124

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr	31.12.2008	31.12.2007
Veltufjármunir:			
Ríkissjóður.....	13	0	249.056
Áfallnar vaxtatekjur.....		159.133	155.247
Aðrar skammtímakröfur.....		165.681	4.316
Skammtímakröfur samtals		<u>324.814</u>	<u>408.619</u>
Handbært fé:			
Bankareikningar.....		<u>1.223.532</u>	<u>884.260</u>
Eignir alls		<u><u>1.548.346</u></u>	<u><u>1.292.879</u></u>

Utan efnahagsreiknings..... 15

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr	31.12.2008	31.12.2007
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....	14	732.948	612.354
Skammtímaskuldir:			
Ríkissjóður.....		53.424	0
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....		15.913	15.525
Ógreidd framlög.....	11	210.230	180.896
Aðrar skammtímaskuldir.....	12	535.831	484.104
Skammtímaskuldir samtals		815.398	680.525
Skuldir samtals		815.398	680.525
Skuldir og eigið fé alls		1.548.346	1.292.879

Sjóðstreymi árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar:			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Rekstrarafgangur samkvæmt rekstrarreikningi.....		120.594	121.124
Veltufé frá rekstri		<u>120.594</u>	<u>121.124</u>
 <i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....	(165.251)	2.896
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun.....		81.449	(35.841)
	(<u>83.802)</u>	<u>(32.945)</u>
Handbært fé frá rekstri		36.792	88.179
 Fjármögnunarhreyfingar:			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(12.394.268)	(11.830.165)
Greitt úr ríkissjóði.....		12.696.748	11.843.463
		<u>302.480</u>	<u>13.298</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		339.272	101.477
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>884.260</u>	<u>782.783</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>1.223.532</u></u>	<u><u>884.260</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup en ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins er ársreikningurinn að öðru leyti gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á nafnverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningi.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði.

Bókhald

Fjárýsla ríkisins sér um bókhaldsskráningu fyrir sjóðinn.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Skýringar frh.

Framlag ríkisins

1. Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs auk 0,264% af álagningarstofni útsvars síðasta tekjuárs. Til viðbótar voru bein framlög úr ríkissjóði 2.124 m.kr. á fjárlögum 2008.

	2008	2007
Hlutur Jöfnunarsjóðs í innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni sveitarfélaga.....	10.270.268	10.130.165
Beint framlag úr ríkissjóði til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga....	1.400.000	1.400.000
Beint framlag úr ríkissjóði til eflingar sveitastjórnarstigsins.....	400.000	300.000
Beint framlag úr ríkissjóði vegna húsaleigubóta.....	324.000	0
Samtals	<u>12.394.268</u>	<u>11.830.165</u>

Framlag sveitarfélaga

2. Framlag sveitarfélaga er ákveðin hlutdeild af útsvarsstofni 0,77% af útsvarsstofni des. - nóv. staðgreiðslu..... 6.171.790 5.833.568
0,77% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs..... 98.650 94.228
- | | | |
|---------|------------------|------------------|
| Samtals | <u>6.270.440</u> | <u>5.927.796</u> |
|---------|------------------|------------------|

Bundin framlög

3. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir bundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga. Framlögin eru samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 113/2003 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 10. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Samband ísl. sveitarfélaga.....	238.885	230.174
Landshlutasamtök.....	136.552	132.930
Innheimtustofnun sveitarfélaga.....	782.947	599.409
Umsjónarnefnd eftirlauna.....	6.467	6.927
Húsafriðunarsjóður.....	46.931	46.089
Samtals	<u>1.211.782</u>	<u>1.015.529</u>

Skýringar frh.

Sérstök framlög

4. Til sérstakra framlaga teljast framlög til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi eða rekstri þeirra. Hér er um að ræða framlög vegna sameiningar sveitarfélaga, framlög til vatnsveitna á lögbýlum, framlög til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatta, framlög vegna húsaleigubóta og framlög vegna sérstakra verkefna. Framlögin eru skv. 7. gr. reglugerðar nr. 113/2003 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Sameining sveitarfélaga	2008	2007
Almenn úthlutun.....	17.131	22.131
Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins.....	605.399	491.582
	<u>622.530</u>	<u>513.713</u>
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum.....	16.670	13.578
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v/fasteignaskatta.....	2.488.676	2.518.295
Framlög vegna húsaleigubóta.....	1.256.899	941.225
Framlög til sérstakra verkefna.....	13.924	10.367
Samtals	<u>4.398.699</u>	<u>3.997.178</u>

Jöfnunarframlög

5. Jöfnunarframlög til grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla á grundvelli 13. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Til viðbótar eru framlög að fjárhæð 61.746 þús.kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk, samkvæmt samkomulagi félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá desember 2006.

Tekjujöfnunarframlög.....	1.298.621	1.268.170
Útgjaldajöfnunarframlög.....	4.400.000	4.400.000
Aukaframlög.....	1.400.000	1.400.000
Samtals	<u>7.098.621</u>	<u>7.068.170</u>

Skýringar frh.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

6. Jöfnunarframlög til grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla á grundvelli 13. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Til viðbótar eru framlög að fjárhæð 61.746 þús.kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk, samkvæmt samkomulagi félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá desember 2006.

	2008	2007
Almenn framlög.....	4.537.790	4.470.096
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.....	1.431.497	1.201.395
Framlög v/nýbúafræðslu.....	123.347	92.688
Skólabúðir að Reykjum.....	30.237	28.022
Önnur framlög.....	23.972	17.823
Framlög vegna lengdrar viðveru.....	61.746	49.212
Samtals	6.208.589	5.859.236

Starfsmannamál

7. Launakostnaður vegna forstöðumanns og tveggja fastra starfsmanna sjóðsins er innifalinn í þjónustusamningnum við samgönguráðuneytið. Laun og launatengd gjöld nefndarmanna í ráðgjafarnefndinni, í samráðsnefnd um húsaleigubætur og í endurskoðunarnefnd eru færð hér. Launakostnaður hækkar um 2,7 m.kr. frá fyrra ári sem er 65,9% hækkun. Hækkun launakostnaðar umfram almennar hækkunir stafar annars vegar af því að þóknun til nefndar sem vann að endurskoðun laga og reglugerðar um Jöfnunarsjóðinn á árunum 2005 - 2008 kom öll til greiðslu á árinu 2008 og hins vegar af mannbreytingum hjá Jöfnunarsjóðnum sem leiddi til þess að nauðsynlegt var að kaupa aðstoð hluta ársins.

Nefndar- og stjórnarlausn.....	5.751	3.376
Launatengd gjöld.....	921	668
Starfsmannakostnaður.....	90	33
Samtals	6.762	4.077

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar frh.

Annar rekstrarkostnaður

8. Annar rekstrarkostnaður samtals hækkar um 8,2 m.kr. milli ára eða um 18,4%. Þar munar mestu um hækkun á aðkeyptri sérfræðiþjónustu vegna athugunar á ábendingum Ríkisendurskoðunar um Jöfnunarframlög til grunnskóla og vinnu við úttekt og stefnumótun v/ átaksverkefnis um sameiningu sveitarfélaga.

	2008	2007
Bókhaldsþjónusta.....	338	300
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	11.326	3.383
Funda- og ferðakostnaður.....	4.079	4.398
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	663	328
Húsaleiga.....	3.097	2.792
Þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið.....	31.677	32.387
Ýmis kostnaður.....	1.857	1.207
Samtals	<u>53.037</u>	<u>44.795</u>

Eignakaup

9. Um er að ræða kaup á tölvubúnaði.

Hreinar fjármagnstekjur

10. Hreinar fjármagnstekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur.....	413.318	336.901
Vaxtagjöld.....	(1)	(3)
Fjármagnstekjuskattur.....	(41.332)	(33.690)
Samtals	<u>371.985</u>	<u>303.208</u>

Ógreidd framlög

11. Ógreidd framlög greinast þannig:

Almenn jöfnunarframlög.....	110.230	49.005
Framlög vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatta.....	0	73.639
Framlög vegna húsaleigubóta	0	58.252
Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga.....	100.000	0
	<u>210.230</u>	<u>180.896</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar frh.

Aðrar skammtímaskuldir

12. Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2008	2007
Sveitarfélög vegna húsaleigubóta.....	430.274	390.258
Sveitarfélög vegna lengdrar viðveru.....	30.000	26.730
Ýmsar kuldir.....	75.557	67.116
Samtals	<u>535.831</u>	<u>484.104</u>

Staða við ríkissjóð

13. Í árslok 2008 er skuld Jöfnunarsjóðsins við ríkissjóð 53,4 m.kr. Í ársbyrjun var inneign 249,1 m.kr. og hefur því staðan við ríkissjóð versnað um 302,5 m.kr.

Ríkissjóður v/lögbundinna framlaga.....	(59.732)	245.165
Ríkissjóður v/hlutdeildar í staðgreiðslu útsvars.....	6.308	3.891
	<u>(53.424)</u>	<u>249.056</u>

Eigið fé

14. Yfirlit um breytingu á eigin fé á árinu 2008 greinist þannig:		
Höfuðstóll 1/1.....	612.354	491.230
Tekjuafgangur ársins.....	120.594	121.124
Höfuðstóll 31/12.....	<u>732.948</u>	<u>612.354</u>

Utan efnahagsreiknings

15. Innheimtustofnun sveitafélaga

Skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum, sbr. d-lið 10. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar svo og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar: Lagaákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga kveða ekki á um að Innheimtustofnunin endurgreiði Jöfnunarsjóði þessi framlög. Ef þau skilyrði skapast að Innheimtustofnunin innheimti meðlög umfram það sem hún þarf á að halda til að standa skil á til Tryggingastofnunar ríkisins og greiðslu rekstrarkostnaðar þá endurgreiði hún þann hluta til Jöfnunarsjóðs. Uppsöfnuð framlög til Innheimtustofnunar eru því tilgreind hér til að sýna hversu mikið fé er bundið í innheimtukerfi meðlaga og er sama fjárhæð bókfærð sem framlag Jöfnunarsjóðs í ársreikningi Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Flutt frá fyrra ári.....	9.141.668	8.695.082
Framlag ársins.....	782.947	599.409
Afskrifaðar kröfur á árinu.....	(207.050)	(152.823)
Samtals	<u>9.717.565</u>	<u>9.141.668</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar frh.

16. Fimm ára yfirlit í millj. kr. á verðlagi hvers árs

	2008	2007	2006	2005	2004
Rekstur					
Rekstrartekjur.....	18.726	17.807	14.927	12.566	11.182
Rekstrargjöld.....	(18.978)	(17.989)	(15.383)	(12.619)	(11.131)
Fjármunatekjur.....	372	303	226	152	101
Tekjuafgangur ársins	<u>120</u>	<u>121</u>	<u>(230)</u>	<u>99</u>	<u>152</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	<u>1.548</u>	<u>1.293</u>	<u>1.207</u>	<u>1.195</u>	<u>1.116</u>
Eignir alls	<u>1.548</u>	<u>1.293</u>	<u>1.207</u>	<u>1.195</u>	<u>1.116</u>
Eigið fé	733	612	491	722	623
Skammtímaskuldir	<u>815</u>	<u>681</u>	<u>716</u>	<u>473</u>	<u>493</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>1.548</u>	<u>1.293</u>	<u>1.207</u>	<u>1.195</u>	<u>1.116</u>

JÖFNUNARSÍÐUR SVEITARFÉLAGA

Yfirlit yfir framlög til sveitarfélaga árið 2008

LbL	Sv.fnr.	Sveitarfélag	Reglugerð nr. 113/2003			Reglugerð nr. 351/2002			Regl. 122/2003 / Samkomulag			Regl. 90/2001		Regl. 973/2000		Samtals
			Framlög vegna samninga sveitarfélaga	Framlög til sérstakra verkefna	Töskjipifnumarframlög	Útgjaldifnumarframlög	Almenn jöfnunarframlög til rektors grunnskóla	Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	Framlög vegna nýbúafreðlu	Skólabóttar- og Reykjum	Önnur framlög	Framlög vegna almennra húsnæðisbóta	Framlög vegna sérstakra húsnæðisbóta	Framlög vegna vaxtefni-framsenda á líkþýfum	Aukaframlög	
1.	7.gr.	11.gr.	12.gr.	13.gr.	3.gr.	4.gr.	5.gr.	6.gr.	8.gr.	26.130.152	890.786	103.972.735	12.747.943	12.747.943		
9	8300.	Sveitarfélagið Arborg	7.565	0	140.778.547	143.209.805	28.020.000	2.750.000	0	0	780.164	0	16.692.971	18.515.196	18.515.196	
9	8508.	Mýrdalshreppur	488	15.719.207	36.243.875	30.553.858	0	330.000	0	0	1.557.463	0	16.702.397	0	16.702.397	
9	8509.	Skarðhreppur	466	3.654.856	50.788.360	208.976.773	0	0	0	382.649	0	16.734.533	0	16.734.533		
9	8610.	Asiðhreppur	171	0	0	1.171.781	0	0	0	3.045.469	0	37.576.205	0	37.576.205		
9	8613.	Rangárlingur eystra	1.741	57.045.788	139.166.252	562.39.605	9.720.000	1.760.000	0	0	4.259.239	0	46.901.321	0	46.901.321	
9	8614.	Rangárlingur vestra	1.547	0	114.789.289	75.556.145	2.160.000	1.100.000	0	0	1.953.508	0	19.561.127	0	19.561.127	
9	8710.	Hrunamannahreppur	794	30.815.882	53.414.547	46.149.085	7.560.000	330.000	0	0	6.514.546	414.300	25.547.127	0	25.547.127	
9	8716.	Hveragerðishreppur	2.274	37.081.543	86.814.134	64.542.119	8.640.000	1.540.000	0	0	7.511.948	0	42.817.413	0	42.817.413	
9	8717.	Sveitarfélagið Ofni	1.930	0	87.173.403	64.115.131	5.400.000	2.530.000	0	0	4.624.068	0	26.291.912	0	26.291.912	
9	8719.	Grimsey- og Grafingshreppur	379	0	14.777.223	4.320.000	440.000	0	0	1.678.579	0	30.186.577	0	30.186.577		
9	8720.	Skæba- og Guðmæjahlreppur	535	0	34.387.784	46.109.744	3.240.000	110.000	0	0	3.394.755	17.258	27.597.579	0	27.597.579	
9	8721.	Bláskógabyggð	972	0	0	51.209.508	5.400.000	0	0	0	1.137.656	0	8.903.059	0	8.903.059	
9	8722.	Floahreppur	576	16.337.000	46.726.676	50.811.279	1.080.000	0	0	0	0	0	0	0	0	
			312.872	524.170.183	1.298.620.960	4.400.000.000	1.429.592.851	123.347.058	30.236.717	15.672.240	1.292.380.063	53.384.927	2.602.200.000	1.400.000.000	17.646.169.814	
1		Landshlutar:														
1		Reykjavík	117.721	0	0	8.658.497	719.217.097	7.847.058	0	8.647.034	620.356.587	42.123.859	0	0	1.406.850.132	
2		Sveitarfél. á höfuðborgarsv.	78.440	0	0	198.183.364	955.041.822	35.970.000	0	0	183.026.988	3.208.846	27.960.254	0	1.636.951.274	
3		Suðurnes	20.415	0	285.447.154	504.233.909	88.140.000	22.990.000	0	0	118.197.667	1.489.948	340.411.696	0	1.708.574.394	
4		Vestfirðir	15.452	170.154.611	645.603.129	476.688.998	73.080.000	10.450.000	0	0	56.299.225	4.470.183	297.859.006	0	1.926.620.105	
5		Vestfirðir	7.509	13.910.000	99.377.254	303.052.171	24.720.000	5.390.000	0	3.340.000	32.405.258	417.023	269.845.261	0	284.870.092	
6		Norurland vestra	7.559	32.678.061	133.330.090	525.261.548	22.440.000	2.090.000	0	0	205.182.519	0	232.520.276	0	1.498.762.530	
7		Norurland eystra	28.797	160.318.520	847.808.996	992.177.602	112.275.754	13.750.000	0	0	134.011.717	0	573.137.449	0	3.692.462.463	
8		Austurland	13.901	130.771.991	449.469.332	349.400.000	33.200.000	39.635.360	0	3.685.206	39.635.360	352.724	373.238.500	0	1.431.674.901	
9		Suðurland	23.478	16.337.000	921.988.081	790.662.185	101.220.000	1.166.000	0	0	75.544.240	1.322.345	514.574.215	0	2.791.831.828	
			312.872	524.170.183	1.298.620.960	4.400.000.000	1.429.592.851	123.347.058	30.236.717	15.672.240	1.292.380.063	53.384.927	2.602.200.000	1.400.000.000	17.646.169.814	
*Framlög til Reykjavíkurborgar samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 en á grundvelli samninga um rektor skólaskóla/sérdeilda, kemsulárþing fyrir nýbúa í íbúum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg og kemsulu langveitra barna með lögheimili utan Reykjavíkurborgar.																
Aðrir:																
		Bændisendistöfa														
		Bændisendistöf Íslands														
		Dreifingart														
		Greiningar- og röngáfarastöð ríkissins														
		Skrifstofa Samb. ísl. sv.él. Brussel		13.924.070		1.904.369										
		Óháfró 31.12.2007														
		Óháfró 31.12.2008														
Framlög alls			622.530.183	13.924.070	1.298.620.960	4.400.000.000	1.431.497.220	123.347.058	30.236.717	23.972.240	1.211.898.753	45.000.000	2.488.675.992	1.400.000.000	17.644.162.150	

